

Tímalaus gildi – tímanleg lausn



Ég fékk nýja sýn á framlag Stevens Coveys í Seattle slóastliðið vor þegar ég tók mér nokkrar vikur til að vinna að endurþýðingu metsölubókarinnar 7

venjur til árangurs á Íslensku. Ég heillaðist enn á ný af þessu yfirgripsmikla verki sem sameinar kenningar úr sálfræði, heimspeki, viðskiptum, mannfræði, frammi- stöðustjórnun, uppeldisfræði, samningatækni og heilbrigði lífsspeki í aðgengilega og áhrifaríka heild. Það er alveg stórmerkilegt hvað bókin hefur elst vel og hvað Covey hefur víða skírskotun í samtíð okkar. Við getum flest fundið persónulega tengingu við sögur hans af kennurum, heimsleiðtogum, íþróttafólki, stjórnendum og foreldrum. Og við getum flest mátað okkur við kenningar hans um samskipti, lausn ágreinings, persónulega framtíðarsýn, virkjun líðsheilda og markmiðasetningu, hvort sem er á heimilum

landsins, skólum, einkarekstri eða í opinbera geiranum.”

Guðrún Högnadóttir segir Covey takast að fanga visku kynslóðanna með svipuðum hætti og Hávamál hafa gert í rúm þúsund ár. „Hann færir okkur þá lífssýn sem afar og ömmur og pabbar og mömmur miðla afkomendum sínum. Bókin speglar í senn öfluga akademíu og víðtæka reynslu og birtist í rótum flestra trúarbragða heims, bókmennta og lista, í orðum afreksmanna, athafnamanna sem og leikmanna. Bókin varpar ljósi á þann karakter og þá hæfni sem samtími okkar kallar á þvert á atvinnugreinar og landamæri. Venjurnar 7 eru tímalaus gildi – og óendanlega tímanleg lausn.”

Guðrún segir að eins og með aðrar góðar bækur kynnist hún einhverju nýju í hvert skipti sem hún les verk Coveys. „Sumt á vel við – annað ekki. Ég hvet fólk til að nálgast bókina sem hlaðborð lífsvisku – velja vel, melta vel, upplifa vel og fá þér aftur á diskinn – af sjálfsgaga, góðri gagnrýni og opnum hug.“ 

25 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA

FLEIRI EN 25 MILLJÓNIR EINTAKA SELDAR

7 VENJUR TIL ÁRANGURS ÖFLUGUR LÆRDÓMUR TIL PERSÓNULEGRAR FORYSTU

ÞU GETUR MEÐ
VITUNDUM
ÞUJA MEÐ
STÖÐUM KALT
ÞU GAGNAT
TILGANG

GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR RITSTYRDI
OG ENDURSKOÐADI UPPHAFLEGA ÞÝÐINGU
ROBERTS H. HARALDSSONAR

INNANGANGUR EFTIR JIM COLLINS
Aðfard Good to Great og meðhöfund Good by Choice

Stephen R. Covey

Guðrún Högnadóttir segir Covey takast að fanga visku kynslóðanna með svipuðum hætti og Hávamál hafa gert í rúm þúsund ár. „Hann færir okkur þá lífssýn sem afar og ömmur og pabbar og mömmur miðla afkomendum sínum.